



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FORSÆTISRÁÐHERRA BIÐST LAUSNAR**

Forseti Íslands átti í dag, sunnudaginn 30. október 2016, fund á Bessastöðum með Sigurði Inga Jóhannssyni forsætisráðherra. Á fundinum baðst ráðherra lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína. Forseti féllst á lausnarbeiðni hans en óskaði þess jafnframt að stjórnin sæti uns tekist hefði að mynda nýja ríkisstjórn.

*30. október 2016*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*